

Nd.

280. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Minni hlutinn (HV og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en vér undirritaðir, sem myndum meiri hluta í nefndinni, viljum gera á frv. eftirfarandi

BREYTINGU.

2. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Stjórn sparisjóða, sem eru sjálfseignarstofnanir og hafa á hverjum tíma minnst ábyrgð 30 manna í kaupstöðum og 18 manna utan kaupstaða, skal kosin af ábyrgðarmönnum á aðalfundi, sem eigi skal halda síðar en í apríl-mánuði ár hvert.

Ástæðan til brtt. okkar er sú, að við teljum ástæðulaust og þarflaust að veita sýslunefndum og bæjarstjórnnum vald til þess að ráða um hluta þeirra sparisjóðsstjórna, þar sem einstakir menn hafa með framtaki sínu og fórn-fýsi unnið að því að koma slíkum nauðsynjastofnunum á fót.

Alþingi, 25. marz 1935.

Bergur Jónsson,
fundaskr., frsm.

Thor Thors.

Garðar Þorsteinsson.